

3. fundur í skólaráði Álfhólsskóla 25. janúar 2011.

Mættir: Anna Guðný Björnsdóttir, Eiríkur Ólafsson, Magnea Einarsdóttir, Marinó Marinósson, Rúna Björk Þorsteinsdóttir, Sigrún Bjarnadóttir, Særún Sigurjónsdóttir og Össur Geirsson. Kristján Óli Ingvarsson og Kristófer Eggertsson boðuðu forföll vegna leiksýningar á vegum skólans.

Gestur fundarins var Rannveig Ásgeirsdóttir, formaður skólanefndar.

Dagskrá:

1. Heimsókn formanns skólanefndar - Rannveig Ásgeirsdóttir.

Rannveig gerði grein fyrir heimsóknnum sínum í öll skólaráð til að kynna fólkinu í þeim og til að kynna sig og skólanefndina. Vill auka samstarf, þar sem skólanefnd hafi oft verið fjarlæg og í litlum tengslum við skólaráðin. Sér fyrir sér að skólustefnan verði styttri, skilvirkari og eftirfylgjandi. Hlutverk skólanefndar verði skilgreint og varpaði fram hugmynd um að öll skólaráð bæjarins fái sameiginlegan starfsdag.

Öryggismál í nágrenni skóla. Fram kom að til stendur að skoða öryggismál með tæknideild bæjarins, m.a. með tilliti til aðgengi að skóla frá sjónarhóli barnsins og að athuga hvort slysaáhrif leynist þar. Fram kom að skólabílar eiga erfitt með að athafna sig við skólann, einnig að búið er að segja upp samningum við rútufrýritækið og stefnt á að bjóða aksturinn út.

Mötuneyti. Búið að segja upp samningum við þá sem sjá um skólamatinn og stefnt á útboð þar líka. Rætt um verð á máltíðum, nýtingu á matnum, næringargildi o.fl.

2. Fjárhagsáætlun og niðurskurður fyrir næsta skólaár 2011-2012.

Sigrún og Magnea fóru yfir fyrirhugaðan niðurskurð, sem felur í sér m.a.:

- Hækkun gjaldskrá í dægradvöl frá áramótum.
- Fækkun stöðugilda matráða, skólaliða og húsvarða
- Skerðing á stöðugildi ritara
- Fækkun deildarstjóra
- Skerðing á kennslumagni

Fram kom óánægja með margt í þessum niðurskurði. Skólastjórnendur munu beita sér fyrir því að finna viðunandi niðurstöðu í samráði við fræðslusvið og athuga hvort einhverju sé hægt að ná til baka. Óánægja snýst m.a. að því að ekki er alltaf samræmi í niðurskurði milli skóla (miðað við stærð skólahúsnæðis og fjölda nemenda).

Áhyggjur af fækkun stunda til kennslu; stefnir í niðurskurð á list- og verkgreinum og að fækka þurfi bekkjardeildum á unglingsstigi.

Umræða um framkvæmd sundkennslu og um kennslu list- og verkgreina.

Eiríkur óskar eftir tíma á næsta fundi til að ræða ýmis mál.

Fundi slitið kl. 10:00.

Fundargerð ritaði Össur Geirsson